

Aðalstjórn Tindastóls

Fundur nr. 1

12. september 2023, kl. 20:30 – 22:00

Fundastaður – Faxatorg

Fundagerð

Mættir: Magnús Barðdal, Stefán Árnason, Adam Smári, Sigurlína Magnúsdóttir, Gunnar Traustason

Fundir stjórnar – skipulag og tíðni funda

Fundir stjórnar skulu verða fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 20:30.

Fundir með forsvarsfólki deilda innan Tindastóls – Skipulag og tíðni

Ákveðið að boða forsvarsmanna deildanna á fund miðvikudaginn 27. september til að kynna nýja stjórn og ræða almenn mál. Magnús boðar forsvarsfólk til fundur kl. 19:30. Í Húsi Frítímans.

Verklag aðalstjórnar

Lögð fram tillaga um að aðalstjórn komi sér upp skýru verklagi varðandi málefni sem koma upp á milli deilda eða innan deilda og sé þess eðlis að aðalstjórn þurfi að fjalla um málið. Stjórn tók vel í erindið og óskaði eftir að Stefán móti tillögu að verklagi og beri það fyrir næsta fund stjórnar.

Tölvupóstföng stjórnarmanna – vöktun pósthólfa

Rætt um að eingöngu 2 úr stjórn hafa pósthöng sem tengjast Tindastól, þeir Magnús og Stefán. Þeir munu því sjá um að vakta tindastoll@tindastoll.is og svara þeim erindum sem til stjórnar berst.

Merki Tindastóls – meðferð og reglur

Nokkuð hefur borið á ábendingum um að mismunandi útfærslur af Tindastóls merkinu séu í notkun. Bæði á varningi og á búningum. Stjórn Tindastóls vísar til þess að skýrar reglur eru um notkun á merki Tindastóls í lögum félagsins og mikilvægt sé að tryggja að aðeins sé rétt útgáfa af merkinu í umferð og notkun.

Í 2. gr. í lögum félagsins segir:

„Merki félagsins er hvítt T í jafnarma þríhyrningi í bláum og rauðum grunni. Notkun merkisins er óheimil nema með skriflegu leyfi aðalstjórnar félagsins.“

Yfirlit yfir skrifleg leyfi fyrir notkun á merki félagsins skal vera aðgengilegt á heimasíðu Tindastóls. Ef óheimil notkun á sér stað rennur á góði sem hlýst af notkun og markaðssetningu merkis félagsins beint til aðalstjórnar Tindastóls.“

Adam Smári og Gunnar Traustason munu skoða með aðstoð grafíks hönnuðar að fá litanúmer svo hægt sé að tryggja að réttir litir séu notaðir í öllum tilfellum. Jafnframt verður þetta tekið fyrir með forsvarsfólki deildanna.

Heimasíða Tindastóls

Lögð fram ábending um að stór hluti af heimasíðu Tindastóls er ekki uppfærður í samræmi við stöðuna í dag. Stjórn samþykkti að taka fyrir á fundi með deildum. Láta hverja og eina deild uppfæra sitt svæði. Jafnframt óskaði stjórnin eftir því að Gunnar Traustason muni hreinsa til á síðunni það sem snýr að aðalstjórn.

Facebook síða Tindastóls – umsjón og virkni

Rætt um mikilvægi þess að Tindastóll sé virkur og sýnilegur á samfélagsmiðlum og þá einna helst á Facebook. Fyrir liggur að allir í stjórn hafa stjórnunaraðgang að Facebook síðu Tindastóls og munu til jafns tryggja virkni á síðunni.

Fjáraflanir deilda

Lögð fram ábending um mikilvægi þess að skipting deilda á tímabilum o.fl. sem tegist fjáröflunum sé skýr. Það hefur borið á ósæti milli deilda vegna Ákveðið að ræða á fundi með deildum. Stjórn leggur áherslu á að reglur um þetta séu skýrar.

Félagaskráning – ferli

Lögð fram ábending um að núverandi fyrirkomulag fyrir skráningu nýrra félaga í Tindastól sé flókið og ekki notendavænt. Stjórn Tindastóls tekur undir þá ábendingu. Jafnframt bendir stjórnin á það hversu gríðarlega mikilvæg fjármögnun það sé fyrir Tindastól að hafa sem flesta skráða meðlimi. Stjórn leggur til að fundin verði notendavænni leið t.d. með notkun QR kóða sem sendir umsækjanda beint á skráningaform á undirsíðu á Tindastoll.is

Listi yfir meðlimi er að finna í Sportabler. Stefán ætlar að ræða við Sigfús til að fá nánari upplýsingar um aðildalista.

Lagt fram erindi frá Indriða f.h. Bogfimideildar um tíma í íþróttarhúsi.

Málið rætt og mun stjórn ræða málið við fulltrúa sveitarfélags til að fyrirbyggja árekstra í framtíðinni.

Önnur mál

Fundi slitið kl. 22:00